

Bolungavíkurkaupstaður
Aðalstræti 12
415 Bolungavík

Reykjavík, 21. september 2020
UST202003-057/S.M.
08.14.02

Reglubundið eftirlit á urðunarstað Bolungavíkurkaupsstaðar

Þann 24. júní sl. fór fram reglubundið eftirlit á urðunarstað Bolungavíkurkaupsstaðar að Hóli. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.


Ein ábending var gerð í eftirlitinu og tvö frávík komu fram er varða:

1. Gr. 4.1 í starfsleyfi. Skráningum vegna t.l. 7-11 er varða veðurfarsupplýsingar hefur ekki verið skilað.
2. Gr. 4.4 í starfsleyfi. Rekstraraðili skal senda eftirlitsaðila niðurstöður skráninga, sbr. gr. 4.1, fyrir 1. maí ár hvert fyrir undangengið almanaksár, sbr. 19. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs. Rekstraraðili skilaði skráningum þann 11. maí sl. og telst frávikinu því lokið.

Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á fyrra atriðinu hér að framan í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 12. október 2020.

Virðingarfyllst


Sigríður Magnúsdóttir


Gottskálk Friðgeirsson

Afrit: Heilbrigðisnefnd Vestfjarða

EFTIRLITSSKÝRSLA

Bolungarvíkurkaupstaður urðunarstaður að Hóli



Dags eftirlits	24.6.2020	Ábyrgðarmaður eftirlits	Sigríður Magnúsdóttir
Fyrirtæki	Bolungarvíkurkaupstaður	Eftirlitsmaður	
Heimili	Aðalstræti 12	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	480774-0279	Flokkur	Úrgangur og efnamóttaka
Fulltrúi fyrirtækis	Gísli Gunnlaugsson	ÍSAT nr.	38.21.00
Fulltrúi fyrirtækis	Finnbogi Bjarnason	Staðsetning	307786,784 635095,624

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Við eftirlit komu fram tvö frávik er varða skil á skráningum og ein ábending var gerð er varðar gerð jarðvegsmanar.

UMFANG EFTIRLITS

Farið var í reglubundið eftirlit á urðunarstað Bolungarvíkurkaupstaðar og var umfang eftirlitsins eftirfarandi:

1. Umfang starfseminnar
2. Niðurstöður síðasta eftirlits
3. Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
4. Skoðunarferð á urðunarstaðinn

Farið var yfir umfang starfseminnar en á urðunarstaðnum er heimilt að urða óvirkan úrgang og taka á móti viðar- og garðaúrgangi til jarðgerðar. Heimild í starfsleyfi til urðunar eru 500 tonn og árið 2019 voru urðuð þar 87.68 tonn og tekið á móti 60.84 tonnum af viðarúrgangi. Mest kemur inn á urðunarstaðinn frá sveitarfélaginu og verkötökum. Eitthvað hefur verið um ólöglega losun úrgangs á urðunarstaðnum en fram kom að sú úrgangur væri fjarlægður þegar það uppgötvaðist og komið í réttan farveg. Einnig kom fram að einhverjar kvartanir hefðu borist vegna ásyndar urðunarstaðarins frá byggðinni.

Síðasta eftirlit fór fram sumarið 2018 og kom þá fram eitt frávik er varðaði skil á skráningum sem rekstraraðili bætti svo úr. Í því eftirliti var starfsleyfi urðunarstaðarins við það að falla úr gildi, en nýtt starfsleyfi hefur nú verið gefið út og tók það gildi 20. ágúst 2019, eftirlitið nú er því fyrsta eftirlit með nýju starfsleyfi.

Kynnt var áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða, en samkvæmt 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit ber Umhverfisstofnun nú að ákvarða tíðni eftirlitsferða út frá umhverfisáhættu starfsemi undir eftirliti stofnunarinnar. Áhættumat var fyrst gert 2019 og ákvarðast tíðni eftirlits 2020 út frá því. Urðunarstaður Bolungarvíkurkaupsstaðar fellur þar í eftirlitsflokk C sem gerir eftirlit annað hvert ár. Áhættumat er endurskoðað árlega.

Farið var í skoðunarferð um urðunarstaðinn. Girðingar eru í lagi en ekið hafði verið á hlið að urðunarstaðnum og þarfnáðist það viðgerða. Urðunarstaðurinn var skipulagður og snyrtilegur, einhvern úrgang sem nýlega hafði verið lagður í urðunarrein átti eftir að hylja. Rætt var um mögulega jarðvegsmön á þeirri hlið sem snýr að byggðinni til að bæta ásynd urðunarstaðarins.

Frávik frá

Lýsing á frávikum

gr. 4.1 í starfsleyfi

Skráningum vegna tl. 7-11 er varða veðurfarsupplýsingar hefur ekki verið skilað.

gr. 4.4 í starfsleyfi

Rekstraraðila skal senda eftirlitsaðila niðurstöður skráninga, sbr. gr. 4.1 fyrir 1. maí ár hvert fyrir undangengið almanksár, sbr. 19. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs. Rekstraraðili skilaði skráningum þann 11. maí sl.


ÁBENDINGAR

Rekstraraðila er bent á að skoða gerð jarðvegsmanar á þeirri hlið urðunarstaðarins sem snýr að byggðinni til að bæta ásýnd staðarins.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 21.09.2020



Sigríður Magnúsdóttir